

# Fuglar og gróður í Seyðishólum

Unnið fyrir Bölta ehf.



Stokkseyri og Kjós

Febrúar 2022

Jóhann Óli Hilmarsson

Björn Hjaltason

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	2
Útdráttur .....	2
Inngangur .....	3
Athugunarsvæði .....	3
Aðferðir .....	5
Niðurstöður .....	5
Fuglar .....	5
Önnur dýr .....	5
Gróður .....	5
Verndarsvæði .....	8
Umræða .....	8
Lokaorð .....	8
Heimildir .....	9

Forsíðumynd: Músareyra í Seyðishólum 1. júlí 2021. Ljósm. BH.

## Útdráttur

Sumarið 2021 gerði Tringa ehf. snaggaralega úttekt á gróðri og fuglum í Seyðishólum í Grímsnesi vegna fyrirhugaðrar stækkunar gjallnámu Suðurtaks ehf og Jarðefnaiðnaðar ehf. Svæðið var heimsótt tvisvar til gróðurs- og fuglaathugana. Fjórar tegundir varpfugla voru staðfestar, rjúpa, heiðlóa, spói og þúfutittlingur, allt algengir mófuglar. Auk þess fannst hrafnshreiður í námu austan megin í hólunum og stakur sílamáfur sást. Rjúpa og hrafn eru á Válista.

Alls fundust 68 háplöntutegundir og sitthvor mosa- og fléttutegundin voru skráðar. Þetta er nokkuð gott fyrir svo lítið svæði. Helstu vistgerðir skv. vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunnar voru lynghraunavist, eyðihraunavist og mosahraunavist, en við fundum einnig svæði með lyngmóavist á láglandi.

Framkvæmdin er ekki talin hafa veruleg áhrif á gróður og fugla, sérstaklega ef aðeins verður numin rauðmöl á ógrónum svæðum. Sem mótvægisáðgerð stingum við uppá að gengið verði frá öðrum námum á svæðinu, jafnvel og Jarðefnaiðnaður hefur gengið frá sinni.

## Inngangur

Að beiðni Sigurðar Þ. Jakobssonar hjá Bölta ehf., fyrir hönd Suðurtaks ehf. og Jarðefnaiðnaðar ehf., var okkur falið að kanna fugla og gróður í hluta Seyðishóla í Grímsnesi, vegna fyrirhugaðrar stækkunar á námu. Þetta var staðfest með tölvupósti þann 30. júní 2021.

Verkefnið fólst í að:

- -kanna fyrirbyggjandi gögn,
- -rannsaka fuglalíf á vettvangi,
- -rannsaka gróðurfar á vettvangi, þekju og tegundasamsetningu,
- -fjalla um hugsanleg áhrif framkvæmdanna á fuglalíf og gróður; jafnframt á vistkerfi og vistgerðir sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd,
- -semja skýrslu um niðurstöðurnar.

Verkefnið var unnið með hliðsjón af þeirri framkvæmd, sem um ræðir og þeim kröfum sem Skipulagsstofnun gerir til slíkra verka.


Svæðið var heimsótt tvisvar, hið fyrra sinn til fugla- og gróðurathugana 1. júlí og hið síðara sinn til gróðurathugana 9. ágúst 2021. Einu gögnin um Seyðishólana sem við fundum var skýrsla um náttúrufar í hólunum frá 1995 (Sveinn Jakobsson o.fl. 1995). Sú skýrsla var aðeins unnin út frá fyrirbyggjandi gögnum, engar vettvangsathuganir voru gerðar, stundum nefnt „skyggnilýsing“ í hálfkæringi.

## Athugunarsvæði

Svæðið sem var skoðað eru Seyðishólar og nánasta umhverfi. Nákvæm afmörkun lá ekki fyrir þegar við fórum á vettvang. Svæðið sem við skoðuðum er afmarkað á 1. mynd. Einnig litum við á námurnar NA við hólana.

Seyðishólar er gígabyrping, gjallgígar, jafngamlir Grímsneshrauninu og hluti af eldstöðvakerfi Grímsness, það er á austurjaðri Vesturgosbeltisins. Kerfið hefur ekki verið virkt í 7000 ár. Það er 12 km langt og allt að 5 km breitt, sem gerir það að einu smæsta og minnst virka eldstöðvakerfi landsins. Á því eru 12 litlar eldstöðvar sem hafa myndað lítil, basísk hraun og gjóskulag með takmarkaða útbreiðslu. Ein þeirra eru Tjarnhólar sem Kerið er hluti af. Gjallið í gígunum er mjög litríkt. Kerhóll, hluti gígabyrpingarinnar, er óraskaður og á Náttúruminjaskrá (eldgos.is 2013). Gígarnir eru mjög misvel grónir og eru Seyðishólarnir sjálfir einna minnst grónir (1. mynd).





1. mynd. Athugunarsvæðið í Seyðishólum. Mynd frá Loftmyndum.



2. mynd. Gróðurathuganir í Seyðishólum 1. júlí 2021. Hraungambri vex á blettum í rauðamölinni. Ljós. JÓH.



## Aðferðir

Í báðum heimsóknnum gengum við skipulega vítt og breitt um hólana. Skráðum fugla og plöntur sem fyrir augu bar (2. mynd). Athugunarsvæðið er afmarkað á 1. mynd en við skoðuðum einnig námurnar norðaustan við Seyðishóla. Svæðið bauð ekki uppá sniðtalningar á fuglum, meðal annars vegna þess að nokkuð var liðið á varptímarn í fyrri heimsókninni. Aðeins háplöntur voru skráðar, þó algengasti mosi og flétta séu nefnd. Engar þekjumælingar voru gerðar.



3. mynd. Spói var algengasti fuglinn á athugunarsvæðinu. Ljós. JÓH.

## Niðurstöður

### Fuglar

Eftirtaldir fuglar sáust þann 1. júlí, engir fuglar sáust í seinni heimsókninni, 9. ágúst:  
*Rjúpa* heyrðist í karra.

*Heiðlóa* 3 pör með varpatferli, hreiður með 4 eggjum fannst í Hólaskarði.

*Spói* 5 pör með varpatferli (3. mynd).

*Sílamáfur* 1 flaug yfir.

*Þúfutittlingur* 4 með varpatferli.

*Hrafn*, laupur frá því í ár í syðri námunni austan megin.

### Önnur dýr

Þó það hafi ekki verið í verklýsingu að kanna skordýrafánu svæðisins, verður ekki hjá því komist að nefna að afar fágæt fiðrildategund, bergygla (*Standfussiana leucерnea*), fannst þann 9. ágúst (4. mynd). Var þar á ferð þar að eðla sig. Nánari upplýsingar um bergygluna má sjá á vef Náttúrufræðistofnunnar (2012).

### Gróður

Alls fundust 68 tegundir háplantna í hólunum, sjá 1. töflu. Þar með talið voru undafíflar (*Hieracium* spp.) og túnfíflar (*Taraxacum* spp.), en þeir voru ekki greindir



4. mynd. Bergyglur á góðri stundu í Seyðishólum 9. ágúst 2021. Ljósmynd. BH.

nánar. Þetta er allnokkur fjöldi, miðað við stærð svæðisins og gróðurþekju á stórum hluta þess, en talsverður hluti hólanna er lítt eða ógróinn (1. og 2. mynd). Ríkjandi mosar voru af ættkvíslinni *Racomitrium*, væntanlega aðallega hraungambri (*Racomitrium lanuginosum*). Fléttan hreindýrakraókar fannst víða, en annars voru fléttur ekki skráðar.

1. tafla. Háplöntutegundir sem fundust við athuganir í Seyðishólum.


- |                     |                      |                      |
|---------------------|----------------------|----------------------|
| 1. Alaskavíðir      | 24. Hlaðkolla        | 47. Ólafssúra        |
| 2. Augnfró          | 25. Hlíðamaríustakur | 48. Síkigras         |
| 3. Axxhæra          | 26. Holtasóley       | 49. Skariffill       |
| 4. Beitilyng        | 27. Holurt           | 50. Skeggsandi       |
| 5. Bláber           | 28. Hrafnaklukka     | 51. Skriðlíngresi    |
| 6. Blágresi         | 29. Hrútaber         | 52. Skriðsóley       |
| 7. Blásveifgras     | 30. Hundasúra        | 53. Skurfa           |
| 8. Blávingull       | 31. Hvítmaðra        | 54. Slíðrastör       |
| 9. Blóðberg         | 32. Ilmreyr          | 55. Snarrót          |
| 10. Blómasef        | 33. Klóelfting       | 56. Sortulyng        |
| 11. Brennisóley     | 34. Kornsúra         | 57. Stinnastör       |
| 12. Bugðupunktur    | 35. Krossmaðra       | 58. Tágamura         |
| 13. Geldingahnappur | 36. Krækilyng        | 59. Túnfífill        |
| 14. Gley-mér-ei     | 37. Lambagras        | 60. Túnsúra          |
| 15. Grasvíðir       | 38. Ljónslappi       | 61. Túnvingull       |
| 16. Grávorblóm      | 39. Loðvíðir         | 62. Undafífill       |
| 17. Gullmura        | 40. Lokasjóður       | 63. Vallelfting      |
| 18. Gulmaðra        | 41. Lyfjagras        | 64. Vallhumall       |
| 19. Gulvíðir        | 42. Melablóm         | 65. Vallhæra         |
| 20. Haugarfi        | 43. Móasef           | 66. Vegarfi          |
| 21. Háliðagras      | 44. Músareyra        | 67. Þursaskegg       |
| 22. Hálíngresi      | 45. Mýrasóley        | 68. Þúfusteinbrjótur |
| 23. Hjartarfi       | 46. Naflagras        |                      |





**5. mynd.** Náma Jarðefnaiðnaðar 1. júlí 2021. Ríkjandi vistgerð er lynghraunavist. Loðvíðir er áberandi kringum námuna. Ljósm. JÓH.

Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunnar (6. mynd) finnast þrjár vistgerðir á athugunarsvæðinu: Lynghraunavist (L6.4, 5. mynd) með miðlungi hátt verndargildi, eyðihraunavist (L6.1) með lágt verndargildi og mosahraunavist (L6.3) með miðlungi hátt verndargildi. Þetta eru allt vistgerðir í vistlendum hraunlendi. Samkvæmt gróðurkorti í skýrslu Sveins Jakobssonar o.fl. eru gróðurlendi helst mosapemba, kvistlendi, gras-sefmóar og rauðamöl. Í jaðrinum mátti finna mýri og ræktuð svæði. Það kemur heim og saman við vistgerðarkortin og athuganir okkar.



**6. mynd.** Vistgerðir í Seyðishólum, athugunarsvæðið er lauslega afmarkað með svartri línu. Þrjár vistgerðir eru sýndar: Grátt er eyðihraunavist (L6.1), grænt er lynghraunavist (L6.4) og milli þeirra er víða mosahraunavist (gulleitt). Skv. Náttúrufræðistofnun 2021.

## Verndarsvæði

Kerhóll er á Náttúruminjasrá (nr. 745), svo og Kálfshólar ásamt Búrfells- og Hæðarendalækjar (nr. 770, Umhverfisstofnun án ártals). Svæðið allt fellur undir mikilvægt fuglasvæði: Suðurlandsundirlendi (Náttúrufræðistofnun 2021).

„Seyðishólar voru stærstir, elstir og merkilegastir af gjallgígum Grímsness, eru mikið raskaðir eftir mikla efnistöku síðustu áratuga og hafa að miklu leyti tapað verndargildi sínu, svæði vestan og norðan núverandi námasvæðis væri vel þess virði að vernda“ (Lovísa Ásbjörnsdóttir 2021).

## Umræða

Fuglalíf í Seyðishólum reyndist fremur fábreytt, 13 pör/fuglar fjögurra tegunda mófugla voru með varpatferli, rjúpa, heiðlóa, spói og þúfutittlingur. Spóinn var þeirra algengastur með 5 varppör. Auk þess fannst hrafnslapur í jaðri svæðisins og sílamáfur fló yfir. Athuganir hefði ekki mátt vera gerðar seinna á varptíma, hrafnungar úr hreiðri sem fannst voru flognir. Þessi tegundasamsetning er mjög algeng í vistgerðinni sem er algengust utan malarsvæðanna, lynghraunavistarinnar. Tvær válistategundir fundust, hrafn (tegund í nokkurri hættu (VU)) og rjúpa (tegund í yfirvofandi hættu (VT), Náttúrufræðistofnun 2018a).

Plöntulistinn er glettilega langur og fjölbreyttur, hann einkennist af tegundum sem vaxa í lynghraunavistum og auk þess nokkrum öðrum mólendistegundum, eins og gulvíði og loðvíði. Þar blandast vistgerðin lyngmóavist á láglandi (L10.8) saman við lynghraunavistina. Vistgerðirnar sem eru skráðar á athugunarsvæðinu eru með lágt til miðlungs verndargildi. Engin planta er á válista eða friðlýst (Náttúrufræðistofnun 2018b, 2021, Umhverfisstofnun 2021).

Gengið hefur verið vel um námu Jarðefnaiðnaðar og eru námurnar tvær austan við Seyðishóla í hróplegu ósamræmi hvað umgengni varðar, sérstaklega sú syðri. Skikka ætti sveitarfélagið til að ganga betur frá þeim og gæti það verið mótvægisáðgerð sem yrði kostuð af því.

## Lokaorð

Eftir því sem fram kemur í matsáætlun, er hugmyndin að halda áfram að nema rauðmöl á þeim svæðum sem eru lítt eða ógróin (Sigurður Þ. Jakobsson 2021). Það verður því að teljast líklegt að framkvæmdin hafi óveruleg umhverfisháhrif á gróður og fugla, sjá 2. töflu. Mótvægisáðgerðir gætu falist í, eins og nefnt var hér að framan, að ganga snyrtilega frá námunum austan megin í Seyðishólum, þó það standi ekki uppá verkkaupa.

### 2. tafla. Mat á áhrifum framkvæmda á gróður og fugla í Seyðishólum í Grímsnesi.

Umhverfisáhrif	Gróður	Fuglar
Verulega jákvæð áhrif		
Talsverð jákvæð áhrif		
Óveruleg áhrif	x	x
Talsverð neikvæð áhrif		
Veruleg neikvæð áhrif		
Óvissa um áhrif		
Engin áhrif		



## Heimildir

- Eldgos.is. *Grímsnes*. (sótt 18. feb. '22 af) <https://eldgos.is/grimsnes/>
- Lovísa Ásbjörnsdóttir 2021. *Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032*. Umsögn Náttúrufræðistofnunnar, 3 bls.
- Olga Kolbrún Vilmundardóttir, Borgþór Magnússon, Guðrún Gísladóttir og Sigurður H. Magnússon 2009. Áhrif sandfoks á mólendisgróður við Blöndulón. *Náttúrufræðingurinn* 78 (3–4): 125–137.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2012. *Bergygla*. (Sótt 19. feb. 22 af:) <https://www.ni.is/biota/animalia/arthropoda/hexapoda/insecta/lepidoptera/nocuidae/bergygla-standfussiana-lucernea>
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2018a. *Válisti fugla*. (sótt 20. feb. '22 af) <https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla>.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2018b. *Válisti æðplantna*. (sótt 22. feb. '22 af) <https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/plontur/valisti-aedplantna>.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2021. *Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi*. (Sótt 18. feb. '22 af) <https://vistgerdakort.ni.is/>.
- Sigurður P. Jakobsson 2021.
- Sveinn Jakobsson, Kristbjörn Egilsson & Ævar Petersen 1995. *Seyðishólar í Grímsnesi. Náttúrufar*. Náttúrufræðistofnun Íslands, skýrsla unnin fyrir Teiknistofu Leifs Blumenstein, 6 bls. <https://utgafa.ni.is/skyrslur/1995/NI-Seydisholar-Natturufar.pdf>
- Umhverfisstofnun án ártals. *Náttúruminjaskrá*. (sótt 20. feb. '22 af) <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/sudurland/>
- Umhverfisstofnun 2021. *Auglýsing um friðun æðplantna, mosa og fléttna*. (sótt 22. feb. '22 af) <https://ust.is/library/sida/Nattura/Pl%C3%B6ntufri%C3%B0un.pdf>